

Nr. 054 / 09 Selfoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarabók
Gögn RNS



Selfoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. apríl 2009 var Selfoss við bryggju í Immingham. Veður: Hægviðri.

Skipverji var á bryggjunni að setja gámaskó neðan í gám fyrir lestun sem hafði verið lyft aðeins upp af vörubíl. Skórin hafði ekki náð festu og féll niður úr gámnum á pall bílsins og vinstri hönd skipverjans varð á milli. Hann marðist illa á baugfingri en varð ekki með öllu óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að vinna þetta með annarri hendi og hafði annan gámaskó í hinni. Hann kvaðst hafa verið að vinna þetta eins og aðrir en hefði ekki verið nógu vanur við þetta til þess. Hann hefði átt að beita báðum höndum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.